



Áveitan

3. tbl. 12. árgangur. Mars 2018

Skautiferð

Sunnudaginn 18. mars ætlum við að gera okkur glaðan dag og halda til Reykjavíkur í Skautahöllina í Laugardal. Rúta fer frá Þingborg kl. 13:00 og stoppar á N1, Selfossi 13.05. Aðgangseyrir til að leigja skauta, hjálm og fá far með rútu eru litlar 2000 kr. Ef þið þurfið ekki að leigja eru það 1000 kr í rútna. Ferðin er fyrir alla aldurshópa en börn 10 ára og yngri verða að vera í fylgd með forráðamanni.

Dagskrá:

Lagt af stað frá Þingborg 13:00

Stoppað á N1 13:05

Skautahöllin í Laugardal 14:00

Lagt af stað heim 15:45

Heimkoma 16:45

Hafa skal samband við Birgittu Kristínu Bjarnadóttur í síma 899-8671 eða á netfangið birgittakb@gmail.com til þess að panta. Panta þarf fyrir miðvikudaginn 14. mars.

Skemmtinefnd Umf. Þjótanda

Páskabingó

Nú er komið að hinu árlega páskabingói Umf. Þjótanda. Gleðin fer fram miðvikudaginn 28. mars, kl 20:00 í Þingborg og verða glæsileg páskaegg í vinning fyrir heppna einstaklinga.

Spjaldið kostar 500 kr. og lækkar svo í hléi. Sjoppa 10. bekkjar verður á staðnum.

Hlökkum til að sjá ykkur.

Skemmtinefnd Umf. Þjótanda

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Fanney Ólafsdóttir	fanneyo@emax.is	892-4155
Bryndís Eva Óskarsdóttir	801haholt@internet.is	846-7188
Hallfríður Ósk Aðalsteinsd.	lyngh@emax.is	845-9719
Ellen Bachman Lúðvíksd.	ellenbach@simnet.is	616-1588

Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar og aðrir lesendur

Sveitastjórnarkosningar 26. maí 2018 – Kjörstaður Flóaskóli

Tekin var ákvörðun um það að kjörstaður sveitarfélagsins vegna sveitarstjórnarkosninganna 26. maí verði færður í Flóaskóla þannig að Félagslundur geti haldið sínu hlutverki á hátíðinni „Fjör í Flóa“.

Menningarstyrkur Flóahrepps 2018

Flóahreppur auglýsir eftir umsóknum um menningarstyrk Flóahrepps vegna ársins 2018 sbr. reglur um úthlutun styrkja til menningarmála í Flóahreppi: Styrkuppghæð verður samkvæmt fjárhagsáætlun hvers árs. Styrkir verða veittir til verkefna sem talin eru skipta máli fyrir mannlíf og félagslíf og/eða til þess fallin að stuðla að björgun menningarverðmæta í sveitarfélaginu.

Eftirfarandi vinnureglur eru settar til viðmiðunar fyrir úthlutun styrkja:

Að um sé að ræða verkefni í Flóahreppi.

Að umsækjandi sé lögráða einstaklingur, félagasamtök, stofnun eða fyrirtæki sem er með lögheimili í Flóahreppi.

Að umsókn fylgi lýsing á verkefni með verkáætlun, tímaramma, fjárhagsáætlun og upplýsingar um umsækjendur.

Að umsækjandi ábyrgist að öll tilskilin leyfi séu til staðar fyrir framkvæmd verkefnis.

Að umsókn fylgi ósk um styrkuppghæð.

Ekki verða veittir ferðastyrkir eða styrkir til reksturs. Umsóknum þarf að skila á skrifstofu Flóahrepps fyrir **15. apríl ár hvert** og úthlutanir verða í tengslum við Fjör í Flóa. Sveitarstjórn Flóahrepps tekur ákvörðun um úthlutun styrks/styrkja samkvæmt fyrirliggjandi umsóknum að fengnu álit menningarnefndar Flóahrepps. Sveitarstjórn getur leitað álits þar til bærra aðila við mat á umsóknum. Sveitarstjórn getur ákveðið að veita styrk til eins verkefnis eða fleiri.

Umsóknir ásamt fylgigögnum, berist Flóahreppi, Þingborg, 801 Selfoss eða á netfangið floahreppur@floahreppur.is, merkt „menningarstyrkur“.

Hvatastyrkir

Við gerð fjárhagsáætlunar tók sveitarstjórn Flóahrepps ákvörðun um upphæð hvatastyrkja vegna ársins 2018. Gert er ráð fyrir að hvatastyrk Flóahrepps sé úthlutað tvisvar á ári kr 30.000 í hvort skipti eða samtals kr. 60.000 pr barn. Minnt er á að umsóknir um „hvatastyrki“ þurfa að berast á skrifstofu Flóahrepps fyrir **1. apríl 2018**. Nánari upplýsingar á skrifstofu Flóahrepps í síma 480 4370 eða á netfangið gudrun@floahreppur.is
[Sjá nánar um hvatastyrkina á heimasíðu Flóahrepps:](#)
<https://www.floahreppur.is/stjornsysla/samthykkir-og-reglur/>

Fjör í Flóa

Undirbúningur undir hátíðina Fjör í Flóa er í góðum höndum Menningarnefndar Flóahrepps, starfsmanna og félagasamtaka í Flóahreppi, og gengur vel. Hátíðin verður haldin síðustu helgina í maí og verður með svipuðu sniði og verið hefur.

Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri Flóahrepps

Aðalfundur Nautgriparæktarfélags Flóamanna verður haldinn í Félagslundu miðvikudaginn 14. mars og hefst kl. 13:00.

Guðmundur Jóhannesson frá RML mætir á fundinn og fer yfir skýrsluhaldið og nautaskrána.

Venjuleg aðalfundastörf og verðlaunaafhendingar. Allir áhugasamir velkomnir.

Stjórnin

Opið hús

Fimmtudaginn 15. mars verður opið hús í Þjósárveri fyrir ungt fólk á aldrinum 16-25 ára. Húsið opnar kl. 20:00 og stendur til 23:00. Það verður spilað og haft gaman saman. Hlökkum til að sjá ykkur.

Ungmennaráð

Fjör í Flóa

Nú styttest í okkar árlegu hátíð Fjör í Flóa. Hátíð barnanna og hátíð allra Flóamanna, hátíðin sem enginn vill missa af. Fjör í Flóa verður núna helgina 25.-27. maí. Við leitum til þín að gera þessa helgi ógleymanlega:

- Opið hús. Eru einhverjir sem vilja hafa opið hús og taka á móti skemmtilegum Flóamönnum? Kannski bara nokkrar klukkustundir á laugardeginum eða sunnudeginum.
- Handverksfólk. Lumar þú á handverki sem þig langar að koma á framfæri á handverksmarkaðnum laugardaginn 26. maí og sunnudaginn 27. maí?
- Beint frá bónda. Það hefur verið eitt af markmiðum okkar að hafa vísi að bændamarkaði á Fjör í Flóa. Hefur þú uppá eitthvað að bjóða sem þú vilt selja okkur sem heimsækja bændamarkaðinn á Fjör í Flóa? Einnig óskum við eftir ef bændur vilja selja afurðir sínar á búum sínum, að láta okkur vita.
- Minnum á póstkassasamkeppnina, sem hefur svo sannarlega slegið í gegn. Eins og venjulega þá verða vegleg verðlaun í boði, fyrir frumlegasta póstkassann og listrænasta póstkassann sem íbúarnir velja sjálfir á Facebook síðu Fjör í Flóa.
- Ef eitthvað að ofangreindum atriðum á við um þig endilega hafðu samband.

Ef þú vilt leggja eitthvað að mörkum nú eða þér dettur eitthvað í hug til að gera hátíðina enn betri, endilega hafðu líka samband.

Rósa gsm: 898 0728, Sigurbára 869 4472, Stefán 867 6907

Fjör í Flóa

Þeir sem eiga líflegar skemmtilegar mannlífsmyndir af hátíðinni Fjör í Flóa sem og vildu lána þær í auglýsingar mega senda þær á rosamatt@simnet.is

85. Aðalfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps

verður haldinn í Þingborg fimmtudagskvöldið 15. mars kl.19.30.

Dagskrá fundarins:

Fundur settur og tilnefndir starfsmenn fundarins.

Lesin fundargerð síðasta fundar.

Skýrsla stjórnar og reikningar.

Skýrslur nefnda.

Tilnefning í nefndir.

Kosningar.

Inntaka nýrra félaga.

Önnur mál.

Á þessum tímamótum ætlum við að breyta aðeins til og byrja á því að bjóða upp á súpu fyrir fundarstörf. En eftirrétturinn og kaffisopinn verður á sínum stað að fundi loknum.

Vonumst við til að sjá ykkur sem flestar og bjóðum nýja félaga sérstaklega velkomna.

Katrín Þóroddsdóttir sem gengt hefur ritarastarfi gefur ekki kost á sér til endurkjörs, en Helga Baldursdóttir gefur kost á sér til endurkjörs í vararitarastarfið.

Bestu kveðjur, stjórnin



Íþróttafréttir

Unnsteinn Reynisson keppti á **Reykjavík International Games** sem fram fór 3. febrúar í Laugardalshöllinni. Hann lenti í 6. sæti í 600m hlaupi á tímanum 1:38,73 mín og stórbætti þar með tíma sinn um 13 sekúndur. Frábær árangur!

Meistaramót Íslands 15-22 ára fór fram helgina 17.-18. febrúar í Kaplakrika í Hafnarfirði. Þar átti Þjótandi 6 keppendur í liði HSK/Selfoss sem allir stóðu sig frábærlega. Margar flottar bætingar urðu hjá Þjótandamönnum. Auk þess sigraði HSK/Selfoss heildarstigakeppnina.

Elías Örn Jónsson	’03	60m hlaup	8,55 sek	7. sæti
		200m hlaup	28,38 sek	8. sæti
		300m hlaup	45,38 sek	5. sæti
		800m hlaup	2:47,11 min	4. sæti
		Langstökk	4,10m	10. sæti
		Þristökk	9,05m	4. sæti
Unnsteinn Reynisson	’03	60m hlaup	8,09 sek	6. sæti
		200m hlaup	26,22 sek	4. sæti
		300m hlaup	42,62 sek	2. sæti
		800m hlaup	2:37,42 min	2. sæti
		60m.gr.(84cm)	10,14 sek	2. sæti
		Hástökk	1,50m	5.-6. sæti
		Langstökk	4,85m	4. sæti
		Þristökk	10,44m	2. sæti
Brynjar Jón Brynjarsson	’01	Kúluv.(4kg)	9,32m	6. sæti
		60m hlaup	7,99 sek	18. sæti
		200m hlaup	26,10 sek	13. sæti
		800m hlaup	2:32,19 min	9. sæti
		Langstökk	5,28m	15. sæti
Hugi Snær Jónsson	’01	Kúluv.(5kg)	10,24m	8. sæti
		60m hlaup	8,29 sek	26. sæti
		400m hlaup	61,58 sek	10. sæti
		800m hlaup	2:32,28 min	10. sæti
Sigurbjörg Eva Ernud.	’01	Kúluv.(5kg)	6,80m	11. sæti
		60m hlaup	9,07 sek	19. sæti
		200m hlaup	30,12 sek	13. sæti
		Langstökk	3,28m	21. sæti
Stefán Narfi Bjarnason	’00	60m hlaup	7,48 sek	2. sæti
		200m hlaup	24,62 sek	5.-6. sæti
		Langstökk	6,03m	2. sæti
		Kúluv.(6kg)	12,07m	5. sæti

Flóahlaupið 2018

Flóahlaupið hefst kl. 13:00 við Félagslund laugardaginn 7. apríl. Þetta er í 40. sinn sem hlaupið er haldið svo um afmælishlaup er að ræða. Keppt verður í 3 km hlaupi/skemmtiskokki, 5 km opnum flokki karla og kvenna og 10 km hlaupi kvenna 39 ára og yngri, 40-49 ára og 50 ára og eldri. 10 km hlaupi karla 39 ára og yngri, 40-49 ára, 50-59 ára, 60-69 ára og 70 ára eldri. Verðlaun eru veitt fyrir þrjá fyrstu í hverjum flokki auk þess sem allir fá verðlaun fyrir þátttöku. Skráningargjald 1.500 kr fyrir 14 ára og yngri og 3000 kr fyrir 15 ára og eldri. Félagar í Umf. Þjótanda 14 ára og yngri fá frítt í hlaupið.

Forskráning í hlaupið fer fram á hlaup.is og einnig er hægt að skrá sig á staðnum. Ath. að greiða verður með peningum, enginn POSI á staðnum. Innifalið í skráningargjaldinu er síðan kaffihlaðborð að hætti Flóamanna að hlaupi loknu.

Allir áhugsamir eru hvattir til að koma og taka þátt í þessu skemmtilega og sögufræga hlaupi.

Eins eru hjálpfúsar hendur vel þegnar til aðstoðar við framkvæmd hlaupsins og kaffið. Hafid samband við Stefán Narfa eða Guðmundu séuð þið til í að aðstoða eða baka!

Íþróttanefnd Umf. Þjótanda

Íbúar Flóahrepps athugið

Gjálp - félag um atvinnuuppbyggingu við Þjórsá óskar eftir samtali við einstaklinga, fyrirtæki eða hópa sem leita sér að fjölnota atvinnurými fyrir þjónustu, skrifstofu, fundar eða kynningar til skemmri eða lengri tíma í Uppsveitum Árnassýslu.

Áhugasamir hafi samband við félagið í gegnum netfangið gjalpfelag@gmail.com eða í gegnum skilaboðakerfi Facebook; www.facebook.com/gjalp

Áhugasamir yrðu í kjölfarið boðaðir á kynningarfund um málið.

Frá Kvenfélagi Gaulverjabæjarhrepps

Aðalfundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhrepps verður haldinn á loftinu í Félagslundi fimmtudagskvöldið 22. mars n.k. klukkan 20.30.

Venjuleg aðalfundarstörf

Kosningar

Fjör í Flóa

Afmælisárið

Basar og fleira

Veglegar veitingar í tilefni afmælisársins okkar, vonumst til að sjá ykkur fjölmenna.

Kveðja, stjórnin.

Aðalfundur Búnaðarfélags Villingaholtshrepps

verður haldinn í Þjórsárveri miðvikudagskvöldið 4. apríl n.k. kl. 20:30.

Félagar mætum vel og nýir félagsmenn velkomnir.

Stjórnin

Frétt frá Söngkór Hraungerðisprestakalls

Kirkjukór Hraungerðisprestakalls stendur fyrir ferð um Rangárvallasýslu undir leiðsögn sr. Guðbjargar Arnardóttur **sunnudaginn 18. mars.**

Farið verður um Oddasókn þar sem Guðbjörg þjónaði áður en hún tók við Selfossprestakalli. Lagt verður af stað um hádegi og endað á því að fá sér eitthvað að borða á góðum stað. Allir velunnarar og sóknarbörn eru velkomin að fara með. Kórinn mun borga rútna en hver fyrir sig borgar matinn.

Frekari upplýsing um fyrirkomulag t.d. hvenær verður lagt af stað og hvaðan verður farið, verður skýrt frá síðar.

Þátttöku þarf að tilkynna í síðasta lagi 10. mars í síma 616-2176 eða á netfang veigar6055@gmail.com

Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps

101. aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps verður haldinn í Þjórsárveri sunnudaginn 11. mars kl. 14.00. Dagskrá fundar:

1. Fundur settur, inntaka nýrra félaga, starfsmenn fundar kosnir
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Starfsskýrsla formanns
4. Reikningar lagðir fram
5. Skýrsla skemmtinefndar
6. Kosningar
7. Tillaga um árgjald
8. Lagabreytingar
9. Málefni Þjórsárvers
10. Önnur mál

Lagabreytingar sem kynntar voru á haustfundinum og koma til afgreiðslu aðalfundarins eru eftirfarandi: Við lögin mun bætast ein grein, 8. grein og hljóðar svo:

„Ákvörðun um slit félagsins skal tekin á aðalfundi þar sem mættar eru a.m.k. helmingur félagskvenna. Tillagan skal samþykkt með a.m.k. 2/3 hluta greiddra atkvæða og skulu eignir félagsins renna til líknar- og/eða menningarmála.“

Kaffikonur: Sigrún Hrefna í Skyggnisholti, Hallfríður í Lyngholti, Valgerður í Mjósyndi, Cathý í Egilsstaðakoti, Sigríður í Tjörnum.

Nýjar konur boðnar hjartanlega velkomnar á fundinn til kynningar og/eða inngöngu í félagið

Stjórn Kvenfélags Villingaholtshrepps

Gaman saman

Gaman saman samverur halda áfram nú í mars.

19. mars ætlum við að hittast í Flóaskóla kl 20.00, þar verða góðir leiðbeinendur sem hjálpa þeim sem vilja læra að baka pönnukökur.

Stjórnin

Pistillinn

Ég vil byrja á því að þakka Jóni vini mínum í Lyngholti fyrir að skora á mig, ánægjulegt af honum að hugsa til mín.

Ég vil byrja á því að nefna nokkur mjög mikilvæg atriði sem Jóni láðist að greina frá. Þegar vinur okkar kom að vestan átti hann Ford Bronco með Mercedes Bens vél. Einnig var með í för Yamaha YZ 250 cc krossara, sem er hugsanlega fyrsti krossari af þeirri gerð hér í sveit. Mikið eðaltæki, komst allt. Þetta hjól var síðar til heimilis að Vatnsenda. Og að lokum stóra spurningin sem brennur á öllum diggum lesendum Áveitunnar, hver var þriðji gesturinn sem kom í heimsókn í Breiðholt?

Mér kemur helst til hugar að segja frá því þegar ég fór sumarið 2004 til Suðurverks að vinna við gerð Desjarárstíflu sem er austan við Kárahnjúkastíflu í Desjarárdragi. Desjarárstífla, stundum kölluð Dysjará af heimamönnum er um 3 miljónir rúmmetrar að rúmmáli. Til samanburðar er Kárahnjúkastíflan 8 miljónir rúmmetrar. Þetta var vaktavinna 12 tíma vaktir, vaktaskipti kl. 7 að morgni og 7 að kvöldi. 12 dagvaktir svo 6 dagar í frí og 12 næturvaktir til að loka hringnum, mjög þægileg vinnutilhögun.

Þar var ég settur í að taka á móti fyllingarefni í stoðfyllingu og leggja út í 1 m. þykkum lögum. Vélin sem ég fékk til þess var Caterpillar D6R jarðýta. 3 námubílar fluttu efnið, að gerðinni Caterpillar 773E og tóku 50 ton í ferð. Á námubílana var mokað með Caterpillar 988G hjólaskóflu, bíllinn tók 3 skóflur ef mokað náði fullum skóflum. Vélin sem losaði efnið í námunni var Caterpillar D10R jarðýta ríflega 70 tona vél og það kom fyrir að hún væri að í kaffitímum til að hafa við keyrslunni. Náman var staðsett á milli Desjarárdrags og Jökulsárgljúfurs sem Kárahnjúkastífla er í. Síðar myndi hún þjóna sem skurður þar á milli til að ekki stæði uppi vatn við Desjarárstíflu þegar lækkar í Háslóni, það væri þá í köldu vori sem vatnsstaðan færi það lágt.

Námuvegurinn var bara nokkur hundruð metrar svo það var nóg að gera við að leggja út stoðfyllingu. En ef það var róleg stund var vel hægt að njóta útsýnisins því svæðið er í um 630 m. hæð yfir sjó. Snæfell í suð austri, hæsta fjall landsins utan jökla, Brúarjökull í suðri, allur svartur af ösku eldgosalaðinna alda, Grímsvatnagosin koma þá fyrst upp í hugann og Öskjugosið 1875 sem hafði mikil áhrif á þessum slóðum, fólksflutningar til vesturheims

svo eitthvað sé nefnt. Sandfell í suð vestur sem síðar varð eyja í Hálslóni og Fremri-Kárahnjúkurinn til vesturs með eina tvílembu kroppandi í hlíðum hans. Það má velta fyrir sér hvort lausaganga búfjár sé orðin tímaskekking. Kannski er það ekki spurning hvort heldur hvenær lausaganga búfjár verður aflögð. En þetta er líklega ekki rétti miðillinn fyrir svona vangaveltur.

Ég vil að lokum skora á Ásmund Ingjaldsson frænda mínn að skrifa næsta pistil.

Benedikt Hans Kristjánsson

Frá Gaulverjabæjarkirkju

Messa og aðalsafnaðarfundur

Sunnudaginn 11. mars kl. 14.00 verður messa í Gaulverjabæjarkirkju. Sr. Kristján Björnsson messar, kirkjukórinn syngur undir stjórn Hauks Gíslasonar.

Eftir messu verður svo haldinn aðalsafnaðarfundur í kirkjunni, venjuleg aðalfundarstörf.

Sóknarnefndin.

Páskamessa og ferming

Fermingarmessa verður í Gaulverjabæjarkirkju á annan páskadag þann 2. apríl kl. 11.00. Sr. Kristján Björnsson messar og kirkjukórinn syngur undir stjórn Hauks Gíslasonar. Fermdur verður Ágúst Þorsteinsson á Syðra-Velli. Fjölmennum í messu á páskahátíðinni og eigum saman góða stund í kirkjunni okkar.

Sóknarnefndin.

Ertu eldri borgari í Flóahrepp?

Ert þú ein/einn af þeim sem ert að skapa fallega hluti sem þú myndir vilja leyfa okkur hinum að sjá og kannski kaupa á „Handverkshorni eldri borgara“ á Fjör í Flóa.

Ef svo er þá hlökkum við til að heyra frá þér.

Rósa s: 898 0728, Sigurbára 869 4472, Stefán 867 6907

Héraðsleikar HSK í frjálsum 10 ára og yngri 17. mars nk.

Héraðsleikar HSK í frjálsum fyrir keppendur 10 ára og yngri verða haldnir í íþróttahúsinu á Laugarvatni laugardaginn 17. mars nk. og hefst keppni kl. 10:00 á þrautabraut fyrir 8 ára og yngri. Klukkan 11:30 hefst keppni í hefðbundnum greinum (9-10 ára). Áætluð mótslok eru kl. 13:30.

Þjótandi stefnir á að senda fjölmennt lið til leiks eins og undanfarin ár. Örvar þjálfari mun senda upplýsingar um skráningu með tölvupósti á foreldra þegar nær dregur. Mikilvægt er að allir keppendur Þjótanda verði í Þjótandabol í keppninni og fyrir þá sem ekki eiga einn slíkan þá verður hægt að kaupa bol á staðnum.

Íþróttanefnd

Dagskrá mánaðarins

Glímuæfing	6. mars
Aðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps	11. mars
Messa og aðalsafnaðarfundur Gaulverjabæ	11. mars
Glímuæfing	13. mars
Aðalfundur Nautgriparæktarfélag Flóamanna	14. mars
Opið hús hjá ungmennaráði	15. mars
Aðalfundur Kvenfélags Hraungerðishrepps	15. mars
Héraðsleikar í frjálsum	17. mars
Skautuferð	18. mars
Kórferðalag	18. mars
Gaman saman í Flóaskóla	19. mars
Glímuæfing	20. mars
Aðalfundur Kvenfélags Gaulverjabæjarhr.	22. mars
Páskabingó	28. mars
Hátíðarmessa í Hraungerðiskirkju kl. 11	1. apríl
Hátíðarmessa í Villingaholtskirkju kl. 11	2. apríl
Fermingarmessa í Gaulverjabæ	2. apríl
Aðalfundur Búnaðarfélags Villingaholtshr	4. apríl
Flóahlaupið	7. apríl



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160